

DRÖG Í VINNSLU – APRÍL 2015

Hjólreiðar í Reykjavík

Fylgiskjal við Hjólreiðaáætlun
Reykjavíkur 2015-2020

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Ferðavenjur Reykvíkinga í dag og síðustu ár.....	2
Hjólreiðar í Reykjavík	4
Samgöngusamningar fyrirtækja og stofnana	4
Dæmi 1.....	4
Dæmi 2.....	4
Dæmi 3.....	4
Hvað er ég lengi að hjóla úr mínu hverfi?.....	5
Vefsíða fyrir hjólaleiðir.....	6
Talningar í Reykjavík	6
Kostir hjólreiða	8

Inngangur


Skjal þetta er fylgiskjal Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2015-2020 og inniheldur ýmsar upplýsingar um hjólreiðar í Reykjavík í dag og undanfarin ár og kosti þess að hjóla.

ATH: Allt efni sem hér fer á eftir verður sett upp af auglýsingastofu og birt á vefnum hjolaborgin.is sem verður heimili hjólreiðaáætlunar 2015-2020 og allra hjólatengdra upplýsinga sem Reykjavíkurborg vill miðla.


Þar verður Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020 einnig birt í samfelldu formi sem PDF skjal.

Ferðavenjur Reykvíkinga í dag og síðustu ár


Ferðavenjukönnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur verið framkvæmd fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðina árin 2011 og 2014. Árið 2011 var hún framkvæmd í október-desember og nú síðast, árið 2014, var hún framkvæmd í október og nóvember og tæplega 5.500 íbúar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 6-80 ára tóku þátt.



Mynd 1: Hlutdeild hjólandi í öllum ferðum í Reykjavík skv. ferðavenjukönnunum.




Mynd 2: Hlutdeild hjólandi í öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu skv. ferðavenjukönnunum.



Mynd 3: Hlutdeild gangandi og hjólandi í öllum ferðum í Reykjavík skv. ferðavenjukönnunum.

Á eftirfarandi mynd sést nokkur aukning hjóleiða hjá íbúum í Hlíðum og Fossvogi annars vegar og í íbúum í hverfunum í kringum Laugardalinn hins vegar, þ.e. Múlum og Sundum. Miklar umbætur hafa verið á hjólaleiðakerfinu í Fossvoginum og við Suðurlandsbraut og Sæbraut síðustu ár og því er mögulegt að þær umbætur séu að hafa jákvæð áhrif í þessum hverfum sérstaklega.



Mynd 4: Hlutdeild hjólandi í öllum ferðum í hverfum Reykjavíkur skv. ferðavenjukönnunum.

Fleiri niðurstöður ferðavenjukönnunar 2014:

- Rétt tæplega 57 þúsund Reykvíkingar stunda hjólreiðar. Rúmlega 9.000 manns hjóla allt árið (líka á veturna!)
- Karlar virðast hjóla meira en konur. Í heildina eru 6,6% ferða karla farnar á hjóli en aðeins 2,5% ferða kvenna.
 - Í póstnúmerum 107 og 108 eru rúmlega 9% ferða karla farnar á hjóli. Konur í sömu hverfum velja hjól í aðeins 2,2% og 3,0% tilvika.
- Reykvíkingar nota helst hjól til þess að fara í og úr vinnu/skóla eða til þess að fara á æfingar eða í heimsóknir (4,2-7,1%). Hjól eru lítið notuð til þess að fara að versla, sækja börn í skóla/leikskóla eða til þess að stússast (1,2-2,1%).
- Þeir sem vinna á vinnustöðum vestan Snorrabrautar eru líklegri en aðrir til þess að hjóla í vinnuna, eða 7,2% í 101 og 9,1% í 107. Þar á eftir koma Hlíðar og Breiðholt (5,0% og 4,6%).

7,5% íbúa í póstnúmerum 104 og 108 fóru á hjóli í vinnuna haustið 2014. Það gerir samtals rétt tæplega 800 manns.

Daglega hjóla 1000 manns í vinnuna úr úthverfum borgarinnar (Breiðholti, Árbæ, Grafarvogi, Grafarholti, Norðlingaholti og Kjalarnesi).

Nemar og sérfræðingar eru mestu hjólreiðamennirnir (17,9% og 4,8%).

Heimild: Ferðavenjukönnun 2014, gerð í okt./nóv.

Hver hjólreiðaferð á höfuðborgarsvæðinu er að meðaltali rétt tæpar 14 mínútur skv. ferðavenjukönnun 2014. Ef við gefum okkur að þeir sem hjóla allt árið hjóli í 14 mínútur á dag þá er heilsufarslegur ábati þessara hjólreiða metinn á meira en milljarð kr. á ári m.v. tölur WHO.

Ef allir Reykvíkingar milli 20 og 64 ára myndu hjóla í 14 mínútur á dag væri heilsufarlegur ábati metinn á rúmlega 8 milljarða ári.

Heimild: Health Economic Assessment Tool frá World Health Organization.

Hjólreiðar í Reykjavík

Samgöngusamningar fyrirtækja og stofnana

Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sett sér samgöngustefnu og tekið upp samgöngusamninga við starfsmenn með samgöngustyrkjum. Tilgangurinn er að auka hlutdeild annarra ferðamáta en einkabílsins í ferðum starfsmanna til og frá vinnu. Með samgöngustefnu verður vinnustaðurinn meðvitaðri um þá aðstöðu sem gott er að hafa til að styðja við hjólreiðar eins og aðgang að búninga- og búnaðstöðu og sturtu á vinnustað. Þeir kostir sem þessi fyrirtæki og stofnanir nefna helst eru meðal annars:

- Sparnaður fyrirtæksins í formi minni fjárfestinga í bílastæðum og minni veikindum starfsmanna.
- Bætt heilsa og líðan starfsmanna.

Í Samgönguáætlun 2011-2022 kemur m.a. fram:

„Samgöngustofnanir ríkisins taki upp vistvæna samgöngustefnu sem stuðli að orkusparnaði og orkuskiptum [...]. Stjórnvöld vinni með fyrirtækjum og stofnunum að því að móta og útfæra markvissa samgöngustefnu fyrir vinnustaði.“

DÆMI 1

Landspítalinn setti sér samgöngustefnu í maí 2011 með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfið vegna starfsemi sinnar, minnka mengun, bæta heilsu starfsfólks og gera umhverfið öruggara og líflegra. Í maí 2014 var byrjað að bjóða samgöngustyrki fyrir þá sem skrifa undir samgöngusamning og skuldbinda sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti í 60% tilvika, með vistvænum hætti er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast í einkabíl. Landspítalinn er 5.000 manna vinnustaður og í ágúst 2014 voru 28% starfsmanna með samgöngustyrk. Árangur af samgöngustefnunni síðan þá

er að mun minna álag er á bílastæði og áætlað er að um 160 færri bílar séu á götum borgarinnar á virkum degi. Útblástur hefur minnkað um 120 tonn CO₂ á ári og svifryk minnkar. Um 52% starfsmanna hefur breytt ferðavenjum sínum, eða um 750 manns, og 82% þeirra starfsmanna sem eru á samgöngustyrk telja að hann hafi haft góð áhrif á heilsu og líðan sína.

DÆMI 2

Mannvit setti sér samgöngustefnu í janúar 2008, fyrst íslenskra fyrirtækja, og hóf þá strax að greiða starfsmönnum samgöngustyrk gegn því að þeir noti vistvænan ferðamáta til og frá vinnu að minnsta kosti 4 daga vikunnar. Hlutfall starfsmanna sem hefur verið með samgöngustyrk hefur verið nokkuð stöðugt um síðan þá, eða á bilinu 30-40%. Til að auðvelda starfsmönnum að nýta sér vistvæna ferðamáta til og frá vinnu eru merktir fyrirtækisbílar til staðar fyrir vinnutengdar ferðir starfsmanna. Ef starfsmenn sem eru með samgöngusamning þurfa óvænt að ferðast í einkaerindum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna, endurgreiðir Mannvit viðkomandi leigubílakostnað. Árlega hefur fyrirtækið framkvæmt ferðavenjukönnun meðal starfsmanna:

- Árið 2008 var hlutfall starfsmanna sem notaði einkabíl til vinnu 80% en það hlutfall hefur lækkað stöðugt síðan þá og árið 2013 var það í 67%.
- Sá ferðamáti sem mest aukning hefur orðið í eru hjólreiðar, en þær hafa aukist stöðugt frá 4% árið 2008 upp í 16% árið 2013.

DÆMI 3

Landsbankinn hóf í maí 2011 að endurgreiða árskort í strætó fyrir starfsmenn eða niðurgreiða útlagðan kostnað vegna vistvæna samgangna. Í samgöngusamningnum felst að starfsmenn skuldbinda sig til að nota annan ferðamáta en einkabílinn í 60% ferða til og frá vinnu. Starfsmönnum með samgöngusamning hefur fjölgað jafnt og þétt, í desember 2012 voru 325 með samning og í desember 2014 voru þeir 381. Markmið samgöngusamningsins er að fjölga valmöguleikum starfsmanna í samgöngum þannig að þeir geti nýtt sér

Þann ferðamáta sem best hentar hverju sinni, notað vistvæna ferðamáta þegar hentar en haft aðgang að bíl þegar þess gerist þörf. Hjólaaðstaða var bætt við útibú á höfuðborgarsvæðinu, t.d. með hjólagrindum og áhersla var lögð á að bæta sturtuáðstöðu á stærstu vinnustöðunum. Einnig hefur verið ákveðið að aðstaða fyrir hjólréiðamenn verði staðall við hönnun og endurbætur á húsnæði Landsbankans.

Hvað er ég lengi að hjóla úr mínu hverfi?

Hér eru tekin saman dæmi um hjólaleiðir á milli nokkurra staða og sýnt hvað það tekur langan tíma að hjóla þær leiðir.

Það tekur um 21-27 mínútur að hjóla úr Rimaskóla í Grafarvogi að gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Laugavegs. Að fara á sama stað frá Ingunnarskóla í Grafarholti tekur um 26-33 mínútur og frá Fellaskóla tekur það um 20-25 mínútur.

Á eftirfarandi mynd má sjá tillögur um gott leiðaval fyrir þessi þrjú dæmi.



Mynd 5: Dæmi um hjólaleiðir frá Rimaskóla, Ingunnarskóla og Fellaskóla og tímann sem það tekur að hjóla þær.

Fyrir vinnuveitendur er gott ef starfsmenn mæta á hjóli. Hver starfsmaður sem mætir á hjóli í stað einkabíls sparar fyrirtækinu:

- Að meðaltali um 40.000 krónur í færri veikindadaga.
- Að meðaltali um 230.000 krónur á ári í bílastæðakostnað.

Heimild: Rannsóknir frá TNO (2009) og VTPI (2015).

Á mynd 6 má sjá tvö dæmi til viðbótar. Það tekur 7-9 mínútur að hjóla frá Vogaskóla að Kringlunni og 16-20 mínútur að hjóla frá Fossvogsskóla að Laugardalslaug.



Mynd 6: Dæmi um hjólaleiðir frá Vogaskóla og Fossvogsskóla og tímann sem það tekur að hjóla þær.

Vefsjá fyrir hjólaleiðir


Kynna vefsjá eða kort? (Notendakort af hjólaleiðakerfinu þegar það hefur verið uppfært hjá Rvk og/eða nýja vefsjá.)

Talningar í Reykjavík

Í Reykjavík er talningavél sem telur stöðugt hjólreiðamenn sem hjóla framhjá henni, en hún er staðsett við gatnamót Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar. Hér er linkur á vefsíðuna með teljaranum, tölurnar uppfærast á 10 mín. fresti og einnig er hægt að sjá á síðunni tölfræði úr teljaranum:


http://www.bicyclecounter.dk/BicycleCounter/BC_Reykjavik.jsp

Í mars 2015 hjóluðu til dæmis hátt í 250 manns framhjá teljaranum á einum venjulegum virkum degi og í apríl 2015 fór fjöldinn uppí rúmlega 500 manns einn daginn, sjá eftirfarandi mynd.



Mynd 7: Fjöldi hjólréiðamanna á dag við teljarann við gatnamót Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar seinni hluta apríl 2015.

Á nokkrum öðrum stöðum í borginni voru framkvæmdar talningar fjórum sinnum á ári 2013 og 2014. Hér fyrir neðan má sjá helstu upplýsingar frá þessum talningum síðustu ár. Ef júní 2013 og júní 2014 eru bornir saman (grænu súlurnar) má sjá fjölgun hjólréiðamanna á nánast öllum stöðunum, og það sama má segja um september talninguna (appelsínugulu súlurnar). Ef marsmánuðirnir eru bornir saman (bláu súlurnar) er ýmist fjölgun eða fækkun milli árána, en ef desember mánuðirnir eru bornir saman (gráa og svarta súlan) er fækkun hjólréiðamanna á öllum stöðum. Það sést því einnig að veðráttu hefur áhrif því veðurfar í desember 2014 var óvenjulegt.




Mynd 8: Niðurstöður talninga á hjólréiðamönnum árin 2013 og 2014 á átta talningastöðum í Reykjavík.

Kostir hjólreiða

Hjólreiðar eru góðar fyrir umhverfið því...

- Kolefnisfótspor framleiðslu hjóla er agnarsmátt, samanborið við framleiðslu einkabíla.
- Nánast engin mengun sprettur af notkun hjóla.
- Hjólreiðar er sá samgöngumáti sem hefur bestu orkunýtingu af öllum samgöngumátum.

Heimild: ECF: „Cycle more often 2 cool down the planet!“ (2011),




Mynd 9: Samanburður á plássþörf samgöngumáta per manneskju – Hversu sanngjarnar og afkastamiklar eru göturnar okkar? Bíll á meðal borgarhraða notar 75 sinnum meira pláss en maður sem gengur. Byggt á Matthew Blackett/Spacing.ca, með gögnum frá Victoria Transport Policy Institute.

Hjólreiðar eru góðar fyrir samfélagið því...

- Hjólreiðar valda sáralitlu sliti á samgöngumannvirkjum, og spara því skattborgara stórfé.
- Býður upp á góðan samgöngumáta fyrir þá sem hvorki hafa efni né réttindi til þess að aka einkabíl.

Auknar hjólreiðar auka umferðaröryggi




Mynd 10: Árlegar hjólreiðar bornar saman við fjöld látinna hjólreiðamanna á hvern milljarð hjólaðra kílómetra (meðaltöl 2006-2009). Byggt á StatistaCharts með gögnum frá OECD.


Hjólreiðar eru góðar fyrir þig því...

- Rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir sem hjóla 30 mínútur eða meira, fimm daga í viku, taka helmingi færri veikindadaga en þeir sem ekki hjóla.
- Hjól eru bæði ódýrari í innkaupum og rekstri en einkabíll.
- Þú brennir milli 4-600 hitaeiningum á klst á hjóli.
- Geymsla á hjóli, hvort sem er heima eða heiman, er mun auðveldari og þarf ekki næstum jafn mikið pláss og einkabíll.
- Rannsóknir hafa sýnt fram á að hjólreiðamenn eru að jafnaði með hærri framleiðni í vinnu en aðrir.
- Hjólreiðamenn eru almennt séð heilbrigðari en þeir sem ekki hjóla.
- Þú ert að jafnaði fljótari með hjóli en einkabíl að fara ferðir styttri en 5km innanbæjar.

Heimild: ibike.org, bikeradar.com, orkusetur.is



Mynd 11: Samanburður á ferðatíma göngu, hjóla, einkabíla og strætó. Byggt á European Commission 1999: *Cycling: the way ahead for towns and cities*, bls. 11.



Mynd 12: Hlutfall íbúa á hjóli, gangandi og í yfirvigt. Byggt á Lamosca «Working out on the way to work» og «Walking, cycling, and Obesity Rates in Europe, North America and Australia» WHO (2008).

Það er gott að hjóla í vinnuna. Ef þú hjólar 5 km í og úr vinnu á hverjum vinnudegi í ár...

- brennirðu 26.100 hitaeiningum, sem jafngildir

- 174 litlum bjórum
- 52,6 kílóum af grilluðum T-bone steikum
- 45,3 samlokum með rækjusalati
- 687 sesam hrökkbrauðsneiðum

- spararðu frá um 35-70.000 krónur í bensín árlega.

- hlífirðu umhverfinu við...

- 358 kg af CO₂
- 158 gr af svifryki

Heimildir: fietserbond.nl, mvfitnesspal.com, somi.is, burger-knaecke.de